

Sþ.

## 143. Tillaga til þingsályktunar

[117. mál]

um byggingu dómhúss.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning, þ. e. lóðarval, hönnun og fjármagnsöflun að byggingu dómhúss yfir héraðsdómstólana í Reykjavík, rannsóknarlögreglu ríkisins og embætti ríkissaksóknara. Stefnt skal að því að byggingu hússins verði lokið fyrir 1981.

### Greinargerð.

Undanfarna mánuði hefur fjölmiðlum orðið tíðrætt um dómsmálin og réttarfarið í landinu og gagnrýnt hvort tveggja. Hefur gagnrýnin einkum beinst að seinangangi í meðferð dómsmála og einnig því, að dómstólarnir hefðu ekki möguleika á því að fást við og leysa á skjótan hátt hin meiri háttar afbrotamál, svo sem viðamikil auðgunarbrot, sem nú virðast fara í vöxt. Ein af orsökum þessa eru hin slæmu starfskilyrði, sem dómstólarnir búa við. Í því skyni að bæta úr þessu er þessi þingsályktunartillaga borin fram. Að sjálfsögðu leysir það ekki allan vandann, en er samt sem áður veigamikil skref til þess að koma dómsmálum hér á landi í það horf, er réttarríki sæmir. Vitaskuld þarf fleira til að koma til þess að leysa þann vanda, er þjóðin stendur frammi fyrir í þessum málum. Einkum þarf að gera breytingar á réttarfarslöggjöfinni og færa hana til nútímalegra horfs. En þar sem það liggur utan ramma þessarar tillögu, verður eigi fjallað um þau mál hér, enda eru þau nú ýmist í athugun eða í meðferð á hinu háa Alþingi í frumvarpsformi.

Eitt af frumskilyrðum þess, að dómstólar geti leyst hlutverk sitt vel af hendi, er að heim sé búinn hentugur húsakostur og góð starfsaðstaða. Hér í Reykjavík hafa héraðsdómstólarnir árum saman kúlðrast í leiguhúsnæði, óhentugu og þínu ófullnægjandi tækjakosti. Sama máli gegnir um saksóknaraembættið.

Þetta er kotungsskapur, sem er í hrópandi ósamræmi við þá reisn og þann metnað, sem sérhverju réttarríki ber að hafa fyrir hönd dómsvalds síns. Er rétt að vera þess minnugur, að meðal flestra annarra þjóða bera dómhús af öllum öðrum byggingum en kirkjum að listrænni tign, fegurð og notagildi. Þau eru eitt af djásnum hverrar borgar, en hó laus við hégómlegt þrjál. Að því marki ber oss einnig að keppa, því að það er ekki sjálfsagt, að hið fagra þurfi ávallt og endilega að vera kostnaðarsamara.

Þá er og á það að lita, að héraðsdómstólarnir eru dreifðir um borgina, en eru ekki undir einu og sama þakinu, svo sem tillagan gerir ráð fyrir. Einnig er gert ráð fyrir því, að saksóknaraembættið og rannsóknarlögregla ríkisins verði til húsa í þessari byggingu. Leggja ber áherslu á það, að dómstólar þurfa sérhæft húsnæði, sem hannað er frá grunni með það fyrir augum. Dómstólar geta aldrei með góðu móti notast við veniulegt skrifstofuhúsnæði. Auk þess er arkitektísk vtri gerð dómhúss byggð á allt öðrum forsendum heldur en verslunar- eða skrifstofuhúsnæði.

Enda þótt í tillögu þessari sé einungis ráðgert að byggja dómhús yfir héraðsdómstólana í Reykjavík (ásamt embætti ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu ríkisins), er ekki þar með sagt, að víða sé ekki pottur brotinn í húsnæðismálum héraðsdómstólanna utan Reykjavíkur. Þvert á móti er ástandið þar víða einnig slæmt. En þar sem fiárráð þjóðarinnar eru takmörkuð til þessara mála, eins og svo margra annarra þjóðbrifamála, verður að bvirja þar sem vandinn er brýnastur og dómsmálin flest, en það er að sjálfsögðu í Reykjavík, þar sem búsettur er meira en þriðjungur þjóðarinnar.